

## 2. gr.

Töluliður A-1 í 36. gr. falli niður. Í staðinn bætist við greinina nýr liður, B-17, svohljóðandi:

Byggingarnefnd: Fimm aðalmenn og fimm varamenn.

## 3. gr.

Aftan við 37. gr. bætist nýr töluliður, C-7, svohljóðandi:

Tvo endurskoðendur reikninga sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja og tvo til vara.

## 4. gr.

40. gr. orðist svo:

Byggingarnefnd skipa fimm menn og fimm til vara. Tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

Breyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1979.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón Sigurpálsson.*

## S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu nr. 304

3. ágúst 1977, sbr. 138 27. febrúar 1979.

## 1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi:

Svínavatnshreppur:

Hamarsvegur: Af Bakásavegi að Hamri.

Torfalækjarhreppur:

Hamrakotsvegur: Af Reykjabraut að Hamrakoti.

Sveinsstaðahreppur:

Másstaðavegur: Af Vatnsdalsvegi eystri að Másstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1979.*

Magnús H. Magnússon.

*Birgir Guðjónsson.*